



Akraneskaupstaður

LEIGU- OG REKSTRARSAMNINGUR

Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449, f.h. Íþróttamannvirkja Akraneskaupstaðar, hér eftir nefndur leigusali og Íþróttabandalag Akraness, kt. 670169-2199, Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum, 300 Akranesi, hér eftir nefndur leigutaki, gera með sér eftirfarandi leigusamning:

1. Leigurými – stærð – staðsetning:

Leigutaki tekur á leigu húsnæði í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum til reksturs heilsuræktarstöðvar. Hið leigða rými er alls um 140 m². Einnig tekur leigutaki á leigu tækjasal og speglasal í Íþróttahúsinu við Vesturgötu með sömu skilmálum. Leigðri aðstöðu fylgir afnot af búningasklefum mannvirkjanna fyrir iðkendur.

2. Leiguhúsnæði:

Um er að ræða:

- a) Þreksvalir Íþróttamiðstöðvarinnar að Jaðarsbökkum.
- b) Tækja- og speglasal í kjallara Íþróttahússins við Vesturgötu.

Leigusali skuldbindur sig til þess að frágangur gólfs og gólfefna séu gallalaus í húsnæðinu og sér um að viðhalda því. Einnig sér leigusali um að loftræsting og lýsing sé við hæfi rekstursins.

- **Frágangur í upphafi samningstímabilsins:** Leigutaki hefur kynnt sér ástand húsnæðisins og gerir ekki athugasemdir við það.
- **Viðhald:** Leigusali kostar hugsanlegar endurbætur og viðhald húsnæðisins.
- **Þrif:** Dagleg þrif húsnæðisins eru í höndum leigusala.
- **Hiti og rafmagn:** Kostnaður vegna hita og rafmagns skal greiddur af leigusala.

3. Uppsetning og kostnaður við tæki:

Leigutaki skal reka heilsuræktarstöð með þrekbjálfunartækjum. Leigutaki greiðir allan kostnað við uppsetningu, viðhald, viðgerðir og varahluti tækjanna. Allur búnaður sem leigutaki setur upp, er eign hans. Eftirlit og viðhald tækja er í höndum starfsmanns leigutaka. ÍÁ skuldbindur sig til að reka heilsuræktarstöðina af metnaði hvað tækjabúnað og viðhald



Akraneskaupstaður

hans varðar. Starfsfólk íþróttamannvirkja Akraness leggur sitt af mörkum til að þjónustan verði góð og eftirsóknarverð.

4. Skipting tekna:

Leigufjárhæð skal vera tengd veltu heilsuræktarstöðvarinnar og skal hún reiknast á eftirfarandi hátt:

- 20% af heildarinnkomu rennur til leigusala.
- 80% af heildarinnkomu rennur til leigutaka.

Um er að ræða heildarsölu af stökum miðum í þrek + þrekáskortum, stökum miðum „sund og þrek“, þriggja og sex mánaða kort í „sund og þrek“, svo og tekjur af árskortum og skólamiðum í „sund og þrek“.

5. Uppgjör:

Leigusali sér um sölu og eftirlit með kortum. Uppgjör og greiðslur til leigutaka fara fram eigi síðar en 10. hvers mánaðar fyrir liðinn mánuð.

6. Seinkun uppsetningar/bilanir tækja:

Leigusali á ekki rétt á neinum fjárhagslegum bóttum vegna seinkunar á uppsetningu búnaðar eða þann tíma sem æfingatæki eru óstarfhæf eða í viðgerð.

7. Markaðssetning:

Leigutaki skal hafa fullt samráð við leigusala við hönnun og útfærslu auglýsingaherferða og/eða markaðssetningar starfseminnar.

8. Lokun laugar:

Leigutaki á ekki rétt á neinum fjárhagslegum bóttum verði laugin lokuð vegna bilana, vatnsskorts og/eða atvika er þriðji aðili veldur.

9. Opinber leyfi:

Leigusali sér til þess að tilskilin opinber leyfi sem nauðsynleg eru til að húsnaðið uppfylli skilyrði um rekstur heilsuræktarstöðvar og sinnir þeim skyldum gagnvart þeim opinberu aðilum er málið varða.



Akraneskaupstaður

10. Samningstímabilið:

Er frá 1. janúar 2015 til og með 31. desember 2016 og lýkur án sérstakrar uppsagnar. Leigusali og leigutaki skulu á samningstímanum ljúka viðræðum um áframhaldandi nýtingu leigutaka á leigurymi.

11. Riftun samnings:

Um riftun á samningi þessum vegna vanefnda annars hvors samningsaðila skal fara eftir ákvæðum XII. kafla húsaleigulaga nr. 36/1994. Komi upp ágreiningur um túlkun eða útfærslu samningsins skal reka málið fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

12. Lok samningstímabils:

Við lok samningstímabils og í samræmi við nýtt samkomulag milli aðila skal leigutaki á eigin kostnað taka niður og flytja á brott þann lausa búnað og tæki sem hann hefur sett upp í heilsuræktarstöðinni.

Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 21.05.2015

(Með fyrirvara) Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 26.05.2015

F.h. Akraneskaupstaðar

F.h. Íþróttabandalags Akraness

Regína Ásvaldsdóttir,
bæjarstjóri

Sigurður Arnars Sigurðsson,
formaður